



Borgarráð

Lágmúli 2 - Makaskipti á lóð - Veitur ohf.

Tillaga: Óskað er eftir heimild Reykjavíkurborgar til þess að semja við Veitur ohf um makaskipti á lóðum við Suðurlandsbraut.

Greinagerð:

Um tíundi hluti heita vatnsins í Reykjavík kemur frá borholum í Laugardal. Til þess að halda þeim borholum við og endurnýja þurfa veitur bæði lóð og helgunarsvæði vegna borframkvæmda. Í dag hafa Veitur einungis lóð en ekkert helgunarsvæði á skipulagi. Þetta skapar hættu á því að þrengt verði of mikið að mögulegu framkvæmdasvæði við framþróun borgarinnar.

Með þessu samkomulagi verður Veitum útvegað ný lóð undir borholutengt húsnæði auk helgunarsvæðis fyrir borplan vegna væntanlegra borholuframkvæmda á nýju svæði norðan megin við Suðurlandsbraut.

Borgin mun á móti taka yfir lóðina við Lágmúla 2 og þróa hana í tengslum við alþjóðlegt verkefni um grænar byggingar undir heitinu „Re-Inventing Cities“.

Virðingarfyllt

Óli Jón Hertervig

Hjálagt:

Samkomulag vegna makaskipta á lóðum

Tillaga að helgunarsvæði vegna borholuframkvæmda við Engjateig

Tillaga að nýrri lóð Veitna við Engjateig

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609 vegna Reykjavíkurborgar - eignasjóðs, kt. 570480-0149, Borgartúni 10-12, Reykjavík og Veitur ohf., kt. 501213-1870, Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík, gera með sér eftirfarandi:

Samkomulag vegna makaskipta á lóðum

1. Inngangur

Reykjavíkurborg hefur hug á uppbyggingu á lóðinni Lág múli 2 (Landeignanúmer L180381). Lóðin er í dag í eigu Veitna og er hugsuð sem borplan þegar endurnýja þarf jarðvarmaholur sem gefa af sér heitt vatn til húshitunar.

2. Makaskipti á lóðum

Aðilar munu hafa makaskipti á lóðarréttindum og byggingarrétti á lóðum þegar hann hefur verið samþykktur með gildistöku nýs deiliskipulags fyrir lóðir norðan Suðurlandsbrautar. Veitur munu framselja Reykjavíkurborg lóðarréttindi sín við Lág múla 2 með byggingarrétti. Reykjavíkurborg mun úthluta Veitum nýrri lóð með Suðurlandsbraut. Frumtillaga að staðsetningu og stærð lóðar er í viðauka 1. Stærð og staðsetning lóðar verður nánar tilgreind í deiliskipulagi. Ekki er gert ráð fyrir sérstöku endurgjaldi fyrir lóð og byggingarrétt en lóðunum sjálfum ásamt byggingarrétti.

3. Helgunarsvæði Veitna

Til viðbótar við lóð sem verður afhent Veitum mun Reykjavíkurborg skilgreina í deiliskipulagi 8.000 fermetra helgunarsvæði mögulegra framkvæmda við endurnýjun borhola. Á helgunarsvæðinu verða engin varanleg mannvirki og er Veitum heimilt að hefja þar framkvæmdir með stuttum fyrirvara. Frumtillaga að staðsetningu helgunarsvæðis er í viðauka 2. Stærð og staðsetning helgunarsvæðis verður nánar tilgreind í deiliskipulagi.

4. Deiliskipulagsgerð

Reykjavíkurborg vinnur að nýrri deiliskipulagstillögu fyrir reitinn og er stefnt að því að deiliskipulag liggi fyrir eigi síðar en á árinu 2020. Í deiliskipulagi verður gerð grein fyrir kvöð um umferðarrétt og aðgengi Veitna að lóð sinni, sem og rétti Veitna til framkvæmda vegna borunar og annarra framkvæmda sem og viðhalds. Tillagan verður unnin í samvinnu við Veitur.

5. Afhending lóða

Við gildistöku skipulags, samanber 2 og 3 tölulið að ofan, með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda mun Reykjavíkurborg úthluta nýrri lóð til Veitna og gefa út nýjan lóðarleigusamning. Veitur munu samhliða því framselja lóðarréttindi sín til Reykjavíkurborgar með yfirlýsingu um afsal lóðarinnar ásamt samþykktum byggingarrétti

8. Frágangur lóðar

Reykjavíkurborg mun í samstarfi við Veitur hanna borgargarð á helgunarsvæðinu sem mun nýtast borgarbúum. Ljóst er að borgargarður mun víkja við borframkvæmdir. Mögulegt er að hluti helgunarsvæðis verði bílastæði.

9. *Uppsögn*

Hafi nýtt deiliskipulag ekki verið staðfest innan tveggja ára frá undirritun samkomulags þessa er hvorum aðila um sig heimilt einhliða að segja því upp með þriggja mánaða fyrirvara.

Samkomulag þetta er með fyrirvara um samþykki borgarráðs og stjórnar Veitna.

Reykjavík, 2. maí 2019


F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Veitur ohf.

Vottar að rétttri dagsetningu, undirritun og fjárræði:

kt.


kt.



Tillaga að helgunarsvæði fyrir borholur Veitna

Kvarði: 1:500






Umhverfis- og skipulagssvið
Landupplýsingar

Tillaga að nýrri lóð Veitna við Engjaveg Hugmynd Reykjavíkurborgar 2

Kvarði: 1:500



H:\bv709\ArcMap\Afgreidsla\Smaverki\OR_lod_Engjateig_tillaga_borgar_2.mxd JP: 12.3.2019